

# SKIPULAGSSKRÁ

## fyrir

### SÓLHEIMASETUR SES.

#### 1. gr. Heiti og heimili

Sjóðurinn er sjálfseignarstofnun og heitir Sólheimasetur ses.

Heimili og varnarþing er að Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi, Árnessýslu.

#### 2. gr. Stofnandi, stofnfé og aðrar tekjur

Stofnandi er Sólheimar ses, kt. 610269-4519, Sólheimum, Grímsnes- og Grafningshreppi, Árnessýslu.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.000.000.- Stofnfé er greitt í reiðufé.

Til stofnunarinnar fylst frá Sólheimum ses. sem eiginfjárframlag eigið fé eftirtaldrá fyrirtækja: Brekkukots/Nærandi, Sesseljuhúss, Sunnu garðyrkjustöðvar og Völu verslunar og kaffihúss. Yfirfærslan skal miðast við reiknað eigið fé (eignir og skuldir) þann 1. janúar 2015 og rekstarlegar breytingar frá þeim degi til stofndags.

Tekjuafgangur sem verða kann af starfsemi stofnunarinnar rennur til hennar sjálfrar og skal varið í samræmi við tilgang og markmið hennar og þeirra verkenfa sem fallið geta undir þau samkvæmt skipulagsskrá þessari, þ.m.t. til verkefna á vegum Sólheimar ses. eða Styrktarsjóðs Sólheima ses.

Ennfremur geta runnið til stofnunarinnar aðrar tekjur eða eignir sem henni kunna að áskotnast frá einstaklingum, félögum eða opinberum aðilum sem styrkur, gjöf, áheiti eða arfur.

Verði tap af starfsemi stofnunarinnar skal það greitt úr sjóðum hennar eða fært til næsta reikningsárs.

Engir njóta sérstakra réttinda hjá stofnuninni.

#### 3. gr. Markmið

Markmið stofnunarinnar er að eiga og reka fyrirtæki sem veita íbúum að Sólheimum atvinnu og vinna að sameiginlegum heildarmarkmiðum Sólheima.

Markmið stofnunarinnar er jafnframt að stuðla að nýsköpun í atvinnurtækifærum fyrir íbúa Sólheima hvort sem er innan þeirra fyrirtækja sem fyrir eru eða með því að setja nýja starfsemi á fót.

Stofnuninni er heimilt að eiga og reka fyrirtæki eða reka starfsstöð annars staðar en að Sólheimum samræmist það að öðru leyti markmiðum hennar. Með sama hætti er stofnuninni heimilt að eiga hlut í félagi með öðrum.

Starfsemi stofnunarinnar skal taka mið af tilgangi og markmiði Sólheima ses. sem er að skapa sjálfbært samfélag (Eco village), byggt fólki sem leggur áherslu á ræktun manns og náttúru, á eigin matvælaframleiðslu, byggingar í sátt við náttúruna, eigin orkuöflun, lífræna ræktun, vinnslu afurða úr náttúrulegum efnum og endurvinnslu. Skal starfsemi stofnunarinnar taka mið af efnahagslegum og félagslegum áhrifum á samfélagið á Sólheimum og vera því til hagsbóta og fara fram í góðri sátt við aðrar einingar samfélagsins þar.

#### **4. gr. Fulltrúaráð**

Æðasta vald í málefnum sjóðsins er í höndum fulltrúaráðs sem skipað er 17 fulltrúum sem hver fer með eitt atkvæði. Fulltrúaráðið setur sér starfsfegjur.

Fyrsta fulltrúaráð sjóðsins skal skipað þeim einstaklingum sem sitja í fulltrúaráði Sólheima ses. og skal kjörtímabil hvers þeirra vera það sama og eftir er af kjörtíma viðkomandi í fulltrúaráði Sólheima ses.

Kosning fulltrúa í ráðið fer fram á aðalfundi fulltrúaráðsins ár hvert og ræðst fjöldi þeirra sem kosinn er hverju sinni af því hversu kjörtímabil margra fulltrúaráðsmanna er á enda það árið. Kjörtímabil fulltrúaráðsmanns er fjögur á, sbr. þó næsta málslið. Falli fulltrúaráðsmaður frá eða hverfi hann úr ráðinu af öðrum ástæðum áður en kjörtímabili hans lýkur, kýs fulltrúaráðið annan í hans stað á næsta aðalfundi ráðsins og skal kjörtímabil hans vera jafnt því er eftir var af kjörtímabili þess er hætti.

Framkvæmdastjórn eða uppstillinganefnd, sbr. 3. mgr. 7.gr., og fulltrúaráðsmaður getur gert tillögu um nýjan fulltrúa í ráðið og skal tillaga um fulltrúa berast stjórninni bréflega a.m.k. viku fyrir boðaðan aðalfund ráðsins.

Fulltrúaráðsmenn má endurkjósa.

#### **5. gr. Aðalfundur, aukafundir**

Aðalfundur fulltrúaráðsins skal halda fyrir lok maí ár hvert. Aukafundi ráðsins skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða samkvæmt skriflegri ósk a.m.k. fimm fulltrúaráðsmanna þar sem fundarefni skal tilgreint. Komi fram slík beiðni skal boða til aukafundar innan tveggja vikna. Halda skal gerðabók um það sem fram fer á fundum fulltrúaráðsins.

Framkvæmdastjórn boðar til fulltrúaráðsfundar með tilkynningu til hvers fulltrúa með bréfi eða símskeyti eða á annan tryggan hátt. Til aðalfundar skal boðað með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafundur með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði. Á aukafundi er heimilt, ef sérstaklega stendur á, að fjalla um og afgreiða sömu mál og falla undir dagskrá aðalfundar.

Fulltrúaráðsfundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður. Einfaldur meirihluti mætttra fulltrúaráðsmanna ræður afgreiðslu mála, sbr. þó 9. gr. um breytingar á skipulagsskrá þessari og slit sjóðsins.

Formaður framkvæmdastjórnar, eða varformaður í fjarveru hans, setur aðalfund og fundurinn kýs síðan fundarstjóra og fundarritara. Aukafundum fulltrúaráðs stýrir formaður stjórnar, eða varaformaður í fjarveru hans, nema fundurinn kjósi fundarstjóra sérstaklega.

Á aðalfundi skulu eftirgrein mál tekin fyrir:

1. Ársskýrsla framkvæmdastjórnar.
2. Ársreikngar liðins starfsárs lagðir fram til staðfestingar.
3. Fjárhagsáætlun lögð fram til staðfestingar.
4. Kosning fulltrúa í fulltrúaráðið í stað þeirra er úr ráðinu eiga að ganga eða hafa gengið.
5. Kosning framkvæmdastjórnar skv. 6. gr.
6. Ráðning löggilts endurskoðanda skv. 8. gr.
7. Kosning tveggja skoðunarmanna úr hópi fulltrúaráðsmanna skv. 8. gr.
8. Breytingar á skipulagsskrá liggja fyrir tillaga þar að lútandi, sbr. 9. gr.
9. Önnur mál.

## **6. gr. Framkvæmdastjórn**

Á aðalfundi skal kjósa fimm menn úr hópi fulltrúaráðsmanna í framkvæmdastjórn til eins árs og einn mann til vara til sama tíma. Stjórnarformann skal kjósa sérstakri kosningu. Stjórnarmenn skipta að öðru leyti með sér verkum. Endurkjósa má stjórnarforman og stjórnarmann. Fyrsta framkvæmdastjórn skal kosin á stofnfundi.

Stjórnarfundur er lögmætur ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Einfaldur meirihluti ræður afgreiðslu mála á fundi framkvæmdastjórnar. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka nema allir stjórnarmenn hafi tök á að kynna sér og fjalla um málið sé þess kostur. Um það sem gerist á fundum stjórnar skal haldin gerðabók.

Meirihluti framkvæmdastjórnar skuldbindur stofnunina og getur veitt prókúruumboð fyrir hana.

## **7. gr. Verkefni framkvæmdastjórnar**

Framkvæmdastjóri stýrir daglegum málefnum stofnunarinnar og gætir hagsmuna hennar í hvívetna. Stjórnin skal sjá um að stofnunin sé rekin í samræmi við gildandi lög og þær hefðir er skapast hafa á Sólheimum undanfarna áratugi. Stjórnin ber ábyrgð á fjárreiðum stofnunarinnar og skal sjá til þess að eignir hennar og fjármunir séu nýttir og ávaxtaðir á sem bestan og tryggastan hátt í samræmi við markmið hennar.

Framkvæmdastjórn skal leggja fyrir fulltrúaráð allar meiriháttar ákvarðanir er varða rekstur eða meðferð eigna stofnunarinnar, svo sem stærri lántökur eða veðsetningar og byggingu, kaup eða sölu stærri eigna.

Framkvæmdastjórn er heimilt að skipa 3 fulltrúaráðsmenn í uppstillingarnefnd sem hafi það hlutverk að gera tillögu til aðalfundar fulltrúaráðs um kjör í aðal- og varastjórn og um kjör nýs fulltrúaráðsmanns í stað þess sem gengur úr ráðinu. Tillögur uppstillingarnefndar skal kynna fulltrúaráðsmönnum a.m.k. sjö dögum fyrir aðalfund með bréfi eða tölvupósti.

Framkvæmdastjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur stofnunarinnar og setur honum erindisbréf. Framkvæmdastjóri skal fara eftir þeirri stefnu sem mörkuð er af fulltrúaráði eða stjórn og fyrirmælum stjórnar. Daglegur rekstur tekur ekki til ráðstafnana sem eru óvenjulegar eða mikils háttar.

Formaður stjórnar boðar til stjórnarfunda en hver stjórnarmaður getur krafist þess að boðað sé til stjórnarfundar. Ennfremur skal verða við ósk framkvæmdastjóra eða löggilts endurskoðanda um stjórnarfund um tiltekið mál.

Um almennt og sérstakt hæfi stjórnarmanna og framkvæmdastjóra fer að gildandi lögum.+ Framkvæmdastjórn skal setja sér starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

## **8. gr. Ársreikningar og endurskoðun**

Reikningsár og starfsár stofnunarinnar er almanaksárið.

Á aðalfundi fulltrúaráðsins skal staðfesta ráðningu löggilts endurskoðanda eða endurskoðunarfélags til eins árs í senn sem skal endurskoða ársreikninga sjóðsins og skal niðurstaða hans lögð fyrir aðalfund fulltrúaráðsins.

Á aðalfundi fulltrúaráðsins skal ennfremur kjósa tvo skoðunarmenn reikninga sjóðsins úr hópi fulltrúaráðsmanna til eins árs.

### **9. gr. Breytingar á skipulagsskrá, slit**

Breytingar á skipulagsskrá þessari skulu samþykktar af 2/3 hluta fulltrúaráðsmanna til að öðlast gildi. Sama gildir um tillögu um slit á stofnuninni.

Tillögu um breytingu á skipulagsskránni skal getið í fundarboði. Tillaga til breytinga skal berast framkvæmdastjórn stofnunarinnar bréflaga og nægjanlega tímanlega til að verða getið í fundarboði og tekin á dagskrá.

Verði tekin ákvörðun um að slíta stofnuninni og leggja hana niður skulu eignir hennar renna til Sólheima ses., en njóti hennar ekki við til samfélagsins á Sólheimum eftir nánari ákvörðun fulltrúaráðsins.

### **10. gr. Gildandi lög**

Þar sem ákvæði í skipulagsskrá þessari ná ekki til um hvernig með skuli fara gilda ákvæði laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur eða önnur lagaákvæði er við geta átt.

Þannig samþykkt á stofnfundi Sólheimaseturs ses. að Sólheimum þann 25. apríl 2015.

Pétur Sveinbjarnarson (sign)

Margrét Leifsdóttir (sign)

Ómar Einarsson (sign)

Magnús Ólafsson (sign)

Sigríður Jóna Friðriksdóttir (sign)